



11 Siðareglur Framsóknarflokksins --- Drög ---

Tilgangur þessara siðareglna er að stuðla að trúmennsku, ábyrgð, heiðarleika, réttisýni og sanngirni. Þeim er ætlað að efla traust og tiltrú á störf þeirra einstaklinga sem fara með völd í umboði flokksins, tala, skrifa eða hafa sig í frammi í nafni flokksins. Trúnaðarmenn og starfsmenn skulu ávallt stuðla að framgangi þessara reglna og styðja við þær með því að ganga á undan með góðu fordæmi. Öllum flokksbundnum framsóknarmönnum ber að kynna sér siðareglurnar og vinna ávallt í anda þeirra. Við inngöngu í flokkinn ber að kynna sér siðareglur þessar. Siðareglur þessar eru aðgengilegar á heimasíðu og á skrifstofu flokksins. Siðareglur þessar ná til allra félaga, aðstoðarmanna og starfsmanna flokksins. Öllum þeim sem gegna trúnaðarstörfum í nafni Framsóknarflokksins ber að fylgja lögum og reglum flokksins, landslögum og siðareglum þessum í störfum sínum.

1. gr. Virðing og traust

Framsóknarflokkurinn starfar með hagsmuni þjóðarinnar að leiðarljósi. Í störfum sínum ber félagsmönnum að sýna fólki kurteisi, virðingu, trúnað og heiðarleika í viðmóti og umræðu og styðja hvert annað í starfi.

2. gr. Heiðarleiki og hagsmunaárekstrar

Öll störf í þágu flokksins skal gegnt af trúmennsku og heiðarleika. Greina skal opinberlega frá öllum persónulegum hagsmunum sem geta haft óeðlileg áhrif á störf í þágu flokksins og bera félagsmenn sjálfir ábyrgð á að vekja athygli á því ef hætta er á slíkum árekstrum.

3. gr. Ábyrgð

Flokksfélagar og starfsmenn skulu vinna störf sín af háttvísi og samvissusemi og skulu ávallt reiðubúnir að axla ábyrgð á verkum sínum. Ef flokksfélagar eða starfsmenn sæta opinberri rannsókn skulu þeir víkja úr störfum fyrir hönd flokksins þar til málið er til lykta leitt.

4. gr. Gagnsæi

Grundvallarreglur góðrar stjórnisýslu skulu ávallt hafðar í heiðri. Opinber, lögmæt og málefnaleg sjónarmið skulu ávallt ráða för við ákvarðanatöku.

5. gr. Hlutlægni og meðferð valds

Ákvarðanir skulu teknar af hlutlægni og á grundvelli verðleika. Skyldleiki, vensl, vinskapur eða eigin hagsmunir mega aldrei ráða ákvörðunum. Það óheimilt er að misnota stöðu og vald í eigin þágu eða annarra. Kjörnir fulltrúar, skulu í hvívetna gæta þess að fara vel með vald sem þeim er falið. Valdi skal beitt í þágu almannahagsmuna, gæta skal sanngirni, jafnræðis og meðalhófs í samræmi við landslög.

6. gr. Jafnrétti

Jafnrétti skal haft að leiðarljósi, fordómum er hafnað og unnið skaða gegn mismunun innan sem utan flokksins, t.d. vegna kyns, þjóðernis, trúarbragða, aldurs, skoðana, kynferðis, kynþáttar, litarháttar, efnahags, fötlunar, ætternis eða stöðu að öðru leyti.

7. gr. Trúnaður

Félagsmenn og starfsmenn skulu virða trúnað í sínum störfum og vinna eftir gildandi reglum um þagnarskyldu jafnt innan flokks sem utan. Trúnaðarmönnum, kjörnum fulltrúum, aðstoðarmönnum og starfsmönnum er óheimilt að nýta trúnaðarupplýsingar í eigin ágóðaskyni.

8. gr. Gjafir og styrkir

Framsóknarflokkurinn starfar samkvæmt lögum um fjármál stjórnmalaflokka. Trúnaðarmönnum, kjörnum fulltrúum, aðstoðarmönnum og starfsmönnum er óheimilt að þiggja gjafir eða fríðindi sem þeim er hugsanlega boðið í tengslum við störf sín í nafni flokksins. Þetta á ekki við um smágjafir eða fríðindi upp að 20 þús.kr.

9. gr. Siðanefnd

Við lútum úrskurðum siðanefndar Framsóknarflokksins.

10. gr. Meðferð brota á siðareglum

Brot á siðareglum eru litin alvarlegum augum. Viðurlög við broti fer eftir alvarleika brots. Viðurlög við brotum geta verið aðvörun, áminning og jafnvel krafa um afsögn. Félagsmönnum sem verða vitni að atvikum sem ætla má að að brjóti gegn siðareglum flokksins ber að tilkynna það til siðanefndar skriflega. Tilkynna ber slík brot hvort sé um að kenna gáleysi eða ásetningi. Siðanefnd skal halda trúnað um tilkynningar sem berast nefndinni.